



Forsætisnefnd

Reykjavík, 18. september 2026

MSS26080081

Ný samþykkt notendaráðs fatlaðs fólks og öldungaráðs

Á fundi forsætisnefndar dags. 4, september voru lögð fram drög að nýrri samþykkt notendaráðs fatlaðs fólks og öldungaráðs. Eftir yfirferð velferðarsviðs hafa endurskoðuð drög verið kynnt á fundi öldungaráðs.

Nú liggur fyrir endanleg tillaga að nýrri samþykkt og er óskað eftir því að forsætisnefnd vísi henni til umsagnar ráðsmanna.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Tillaga að nýrri samþykkt notendaráðs fatlaðs fólks og öldungaráðs



Reykjavík

Samþykkt fyrir notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með hlutverk öldungaráðs Reykjavíkurborgar samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og eftir því sem lög mæla fyrir um, einnig með hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Verksvið

2. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar skal sem;

A. Öldungaráð Reykjavíkurborgar vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni sem snúa að mannréttindum, jafnrétti og samfélagsþátttöku borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ennfremur til ráðgjafar við mótun allrar þjónustu borgarinnar sem snýr að borgarbúum sem eru 67 ára og eldri og almennt um málefni og hagsmuni hópsins. Ráðið komi að mótun málaflokka sem tengjast þjónustu við eldra fólk og gerir tillögur til fagráða Reykjavíkurborgar sem varða verksvið þess. Ráðið skal hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að bættri þjónustu við borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.

B. Notendaráð fatlaðs fólks Reykjavíkurborgar vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni fatlaðs fólks sem snúa að mannréttindum, jafnrétti og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Ennfremur til ráðgjafar og við mótun allrar þjónustu borgarinnar sem snýr að fötluðu fólki og eftir atvikum öðrum hagsmunamálum fatlaðs fólks. Ráðið kemur að mótun stefnu í aðgengismálum og málaflökkum er tengjast þjónustu við fatlað fólk, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til fagráða Reykjavíkurborgar sem varða verksvið hennar. Ráðið skal hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að bættri þjónustu við fatlað fólk og bættu aðgengi fatlaðs fólks í samræmi við stefnu í aðgengismálum og fjárheimildir ráðsins hverju sinni.

Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Velferðarsvið annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

3. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru 67 ára og eldri og fatlaðs fólks, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflökkanna. Ráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflökkunum og stuðlar, í samstarfi við stofnanir Reykjavíkurborgar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru 67 ára og eldri og fatlaðs fólks.

4. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar er skipað sjö fulltrúum, þrír fulltrúar eru kosnir af borgarstjórn og jafnmargir til vara.

Öldungaráð: Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara þegar ráðið fjallar um málefni aldraðra og fer með hlutverk öldungaráðs.

Notendaráð fatlaðs fólks: ÖBÍ réttindasamtök, Þroskahjálp og Geðhjálp tilnefna hvert sinn fulltrúa og einn til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Þegar ráðið fjallar um málefni fatlaðs fólks eiga þeir fulltrúar jafnframt sæti í ráðinu.

Allir tilnefningaraðilar skulu fara að ákvæðum 2. mgr. 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Borgarstjórn kýs formann ráðsins en ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður notendaráðs fatlaðs fólks og öldungaráðs Reykjavíkurborgar er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar er vistað hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki ársfjórðungslega þ.m.t. opinn fund árlega. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við fulltrúa velferðarsviðs og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 eftir því sem við á. Fulltrúar velferðarsviðs sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins þegar það fjallar um málefni fatlaðs fólks öll mál er snúa að aðgengishönnun og framfylgd samþykktu ráðsins sem snúa að framkvæmdum í aðgengismálum. Fulltrúar velferðarsviðs bera ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins öll mál sem varða breytingar á þjónustu við fatlað fólk og eldra fólk, stefnumótun og framfylgd stefnu málaflokkanna í Reykjavík. Svíðsstjórar annarra fagsviða bera ábyrgð á að öll mál er varða

þjónustu við fatlað fólk í m.a. skóla-, menningar-, íþrótt- og frístundastarfi verði tekin til umfjöllunar á vettvangi ráðsins.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstaka fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.

Velferðarsvið sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun. Notendaráð fatlaðs fólks og öldungaráð Reykjavíkurborgar ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Málsmeðferð

10. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu öldungaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju. Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eldri ákvæði í samþykkt mannréttindaráðs varðandi verkefni öldungaráðs og notendaráð fatlaðs fólks frá 18. mars 2025.

Samþykkt í borgarstjórn

XX. október 2026